Paradísar missir í útvarpsleikgerð um páska

● ÚTVARPSLEIKGERÐ Hrafns Gunnlaugssonar á Paradísarmissi John Miltons í þýðingu Jóns frá Bægisá verður flutt í tveimur hlutum á páskadagskrá útvarpsins. Verður fyrri hlutinn fluttur á laugardag og sá síðari á páskadag. Þýðing Jóns á þessu verki var síðast prentuð í Kaupmannahöfn árið 1828, og æ síðan hefur hún verið talin með merkari bókmenntaafrekum Íslendinga. Hins vegar er hún sjaldséð og hefur ekki verið vðlesin af almenningi. Þessari útvarpsleikgerð er ætlað að bæta hér nokkuð úr.



John Milton.

Hrafn Gunnlaugsson vann s.l. tvö ár við útvarpshandritið, enda er úr vöndu að velja þegar umbylta á verki eins og Paradísar missi, þar eð verkið er í prentuninni frá 1828 408 blaðsíður og tæki á tíunda tíma að lesa það í heild. Höfundur útvarpsgerðarinnar hefur því bæði stytt og umskrifað margt í þýðingunni.

Í útvarpshandritinu er að finna tvær persónur sem ekki eru í frumverkinu sjálfu: Skáldið (þ.e. Milton/Jón) og Sögumann. Skáldið er fulltrúi Miltons, sá sem sér og lýsir því sjónarspili er fram fer á Himni, í Helvíti og á Jörð, en Sögumaður er eins konar túlkur og tengiliður atburðarásarinnar. Með hlutverkin fara: Satan — Róbert Arnfinnsson, Skáldið — Helgi Skúlason, Sögumaður — Jón Sigurðsson, Belsebúb — Árni Tryggvason, Eva — Herdís Þorvaldsdóttir, Synd — Steinunn Jóhannesdóttir, Messías — Sigurður Karlsson, Guð — Karl Guðmundsson, Adam — Rúrik Haraldsson. Leikstjóri er Hrafn Gunnlaugsson.

Messa án prédikunar

Á föstudaginn langa, kl. 11, verður að venju messa í Dómkirkjunni, en með nokkuð óvenjulegum hætti. Presturinn, sr. Þórir Stephensen, flytur ekki prédikun, en lesið verður úr píslarsögunni og síðan skiptist á flutningur bæna og tónlistar í formi safnaðarsöngs, einsöngs, kórsöngs og organleiks.

Dreift verður fjölritaðri messuskrá, en fólk er hvatt til að hafa með sér sálmabækur.





Reykjaneskjördæmi


Aðalfundur kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Reykjaneskjördæmi verður haldinn miðvikudaginn 2. apríl kl. 21.00 í samkomuhúsinu í Garði. Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum munu Geir Hallgrímsson forsætisráðherra og Matthías Á. Mathiesen fjármálaráðherra ræða um stjórnmálaviðhorfið.

Ekki sérgjald í leigubílum um páskana

LANDSSAMBAND leigubifreiðastjóra hefur samþykkt að nú um páskana skuli ekki gilda sértaxti á leigubifreiðum, svo sem gildir um jól og áramót. Þessi sértaxti hefur verið þannig að 35% leggjast ofan á venjulegan nætur- og helgidagataxta.

Úlfur Markússon sagði að þetta hefði nýlega verið ákveðið og væri þar sérstaklega tekið tillit til barnafjölskyldna, sem þyrftu oft um páskana að komast á milli húsa í leigubifreiðum á skemmtanir og annað. Sértaxtinn gildir þó 17. júní.

Nú eftir að ökugjaldmælar fóru að sýna rétta upphæð ökugjalds gildir sú regla, að þegar ekið er rúmhelga daga frá mánudegi til föstudags á tímabilinu frá klukkan 08 til 17 er gjaldið greitt samkvæmt taxta númer 1, en helgar- og næturtaxti er númer 2.



Kirkjukvöld

BRÆÐRAFÉLAG Dómkirkjunnar heldur sitt árlega kirkjukvöld í Dómkirkjunni á skírdag kl. 20.30.

Í tilefni kvennaársins hefur Bræðrafélagið að þessu sinni fengið fjórar konur til að koma þar fram: biskupsfrú Magnea Þorkelsdóttir flytur frásögu, kirkjumálaráðherrafrú Dóra Guðbjartsdóttir flytur hugvekju, Elín Sigurvinsdóttir, óperusöngkona, syngur einsöng með undirleik Ragnars Björnssonar, dómorganista, og dr. Guðrún P. Helgadóttir, skólastjóri, flytur erindi.

Ennfremur flytur séra Þórir Stephensen, dómkirkjuprestur, ávarp og séra Óskar Þorláksson, dómprófastur, flytur hugvekju og bæn.

Kærði kvenmann fyrir áreitni

ÞAÐ KEMUR stundum fyrir, að konur kæra karlmenn fyrir áreitni en það telst til undantekninga ef karlmenn kæra konur fyrir slíkt. Nú á kvennaárinu hefur það gerzt, að kæra af þessum toga hefur borizt Sakadómi Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, að í vetur kærði maður nokkur þrítuga konu fyrir áreitni og fyrir að spilla friði heimilisins. Kvað hann konuna halda uppi stöðugum símhringingum í sig daga og nætur með óskum um að hann hitti sig að máli. Maðurinn, sem er nokkrum árum yngri og giftur hafði engan áhuga á slíkum fundum við konuna, sem er ógift. Fór svo að lokum að hann kærði konuna og hlaut hún áminningu hjá Sakadómi fyrir athæfi sitt.

Maðurinn fékk sér nú nýjan síma og hélt númerinu leyndu. En ekki dugði það til, því konan byrjaði þá að senda manninum bréf og símskeyti með ósk um að þau hittust. Áhugi mannsins fyrir konunni var engu meiri en í fyrra skiptið og hefur hann nú lagt fram kæru á nýjan leik á hendur konunni fyrir áreitni og fyrir að spilla heimilisfriðnum. Bendir allt til þess að þetta ætli að verða dómsmál.

Samningarnir

ALÞÝÐUSAMBAND Íslands vegna félaga, er beina aðild eiga að sambandinu, og ennfremur vegna Iðnnemasambands Íslands, Verkamannasambands Íslands, Málm- og skipasmiðasambands Íslands, Sambands byggingamanna, Rafiðnaðarsambands Íslands, Landssambands iðnverkafólks, Landssambands vörubifreiðastjóra, Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, Sjómannasambands Íslands, allt samkvæmt sérstakri skrá yfir félög, sem veitt hafa samninganefnd ASÍ umboð til samningaviðræðna.

og

Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Reykjavíkurborg hafa, meðan unnið er að endanlegri gerð nýrra kaup- og kjarasamninga, gert með sér svofellt samkomulag um breytingar á kaupgjaldsákvæðum síðast gildandi kaup- og kjarasamninga og framlengjast þeir því með þeim breytingum, sem samkomulag þetta felur í sér:

1. Núgildandi mánaðarkaup, sem lægra er en kr. 69.000,- miðað við fulla dagvinnu hækki um kr. 4.900,- á mánuði, en hlutfallslega minna til þeirra, sem skemur vinna.

2. Á núgildandi laun á bilinu kr. 69.000,- til kr. 73.900,- greiðist kauphækkun þannig, að launin verði kr. 73.900,- til þeirra, sem skila fullri dagvinnu, og hlutfallslega til þeirra er skemmri vinnutíma skila.

3. Hækkun á yfirvinnukaup greiðist þannig, að gildandi hlutföll milli eftir-, nætur- og helgidagskaups — og dagvinnu haldist óbreytt.

4. Um útreikning og greiðslu framangreindrar kauphækkunar fari skv. síðast gildandi reglum um kaupbreytingar, m.a. þannig, að með kauptaxta skuli telja hvers konar samningsbundin álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna.

5. Stefnt er að því að samið verði um fyrirkomulag verðlagsbóta á laun fyrir 1. júní 1975.

6. Samkomulag þetta gildir frá 1. marz til 1. júní 1975, en fellur þá úr gildi án uppsagnar.

Reykjavík,
25. marz 1975.

F.h. Alþýðusambands Íslands, vegna félaga, er beina aðild eiga að sambandinu, Iðnnemasambands Íslands, Verkamannasambands Íslands, Málm- og skipasmiðasambands Íslands, Sambands byggingamanna, Rafiðnaðarsambands Íslands, Landssambands iðnverkafólks, Landssambands vörubifreiðastjóra, Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, Sjómannasambands Íslands, f.h. aðildarfélaga sinna samkvæmt sérstökum félagsskrám.

Með fyrirvara um samþykki verkalýðsfélaganna.

F.h. Vinnuveitendasambands Íslands vegna Vinnuveitendafélags Akraness, Vinnuveitendafélags Mýrasýslu, Vinnuveitendafélags Breiðafjarðar, Vinnuveitendafélags Vestfjarða, Vinnuveitendafélags Siglufjarðar, Vinnuveitendafélags Akureyrar, Vinnuveitendafélags Raufarhafnar, Vinnuveitendafélags Seyðisfjarðar, Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja, Vinnuveitendafélags Suðurnesja, Vinnuveitendafélags Grindavíkur, Sambands fiskvinnslustöðvanna, Apótekarafélags Íslands, Bílgreinasambandsins, Sambands málm- og skipasmiðja, Fisksalafélags Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, Félags þvottahúseigenda, Félags skrúðgarðameistara, Meistarasambands byggingarmanna, Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík, Landssambands ísl. rafverktaka, Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands ísl. útvegsmanna, Verktakasambands Íslands og Landssambands bakarameistara með fyrirvara um samþykki stjórnar Vinnuveitendasambands Íslands og einstakra félagsdeilda þess.

F.h. Vinnumálasambands samvinnufélaganna með fyrirfara um samþykki stjórnar.

F.h. Reykjavíkurborgar með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

— Hue fallin

Framhald af bls. 1

stafanir hernum til eflingar, svo að hægt væri að stöðva sóknarþunga Þjóðfrelsisfylkingarmanna. Hann sagði að úrslitaorrustan væri að hefjast og hún gæti skorið úr um örlög landsins. Hann sagði að hermenn landsins mættu treysta því að öll þjóðin stæði að baki þeim. Ávörp Thieus voru bersýnilega flutt til að reyna að stappa stálinu í hermenn og borgara, vegna vonleysis, eymdar, hræðslu og skelfingar sem farið hefur sem eldur í sinu um landið.

Í Danang búa um fimm hundruð þúsund manns. Fréttastofur herma að á götum þar verði varla þverfótað fyrir örvæntingarfullum flóttamönnum, sem þangað hafi komið og eigi hvergi höfði sínu að halla enda sjái þeir og fram á að borgin kunni ef til vill að falla í hendur andstæðinganna á næstunni. Bandaríkjamenn hófu að flytja fólk frá Danang í dag með flugvélum og kom til átaka á flugvellinum, svo mikill var æsingur í borgurum, sem vildu allt til vinna að forða sér frá borginni, eftir að ljóst varð að herir Þjóðfrelsisfylkingarmanna nálguðust hana nánast úr öllum áttum.

Í ávarpi Thieus sem áður er að vikið hvatti hann Bandaríkjamenn til að bregða við skjótt og veita herliði Suður-Víetnam þann styrk sem þyrfti til að það gæti staðið af sér árásirnar. Sagðist Thieu bíða í ofvæni eftir viðbrögðum Bandaríkjamanna.

Kissinger, utanríkisráðherra Bandaríkjamanna, gagnrýndi í dag að Bandaríkjamenn þverskölluðust við að veita Suður-Víetnömum hjálp og sagði hann að slík neitun kynni að leiða til hruns landsins og stórkostlegra breytinga á valdahlutföllum í þessum heimshluta. Kissinger sagðist vilja benda á, að árið 1973 hefðu Bandaríkjamenn undirritað samning um að hverfa með herlið sitt á brott frá Suður-Víetnam, en þeir hefðu ekki undirskrifað neitt skjal, þar sem þeir hefðu ákveðið að hætta allri hernaðar- og efnahagsaðstoð við landið.

— Feisal

Framhald af bls. 1

sérstaklega við forystumenn Arabaþjóðanna áður en þeir héldu heimleiðis, en búizt var þó við því að hann reyndi að gefa sér tíma til stuttra viðræðna við helztu áhrifamennina sem til útfararinnar komu.

Í fréttum frá Vínarborg segir að morðið á Feisal muni að líkindum ekki hafa nein umtalsverð áhrif á verð á olíu, að því er sérfræðingar OPECs töldu í kvöld.

Þá segja stjórnmálafræðingar allt á huldu um, hvort Khaled konungur muni verða sá sem fari með völdin í Saudi Arabíu til frambúðar eða hvort krónprinsinn muni taka við áður en langt um líður. Sé mjög óljóst hvernig þeim málum verði skipað, en flest bendi til að lítil sem engin stefnubreyting verði gagnvart Arabaríkjunum, Ísrael og Bandaríkjunum.

— Fyrsti

Framhald af bls. 48

sáttasemjara ríkisins í gær af formönnum samninganefnda aðila í sjómannadeilunni, Jóni Sigurðssyni, formanni Sjómannasambandsins og Kristjáni Ragnarssyni, formanni LÍÚ, en báðir áttu sæti í samninganefndum ASÍ og VSÍ.

— FRÍ


Framhald af bls. 48

son voru á fundi þessum og lýstu þeir yfir ánægju sinni vegna ákvörðunar stjórnar FRÍ. Ekki sögðust þeir vita enn hve mikið hefði safnast, en unnið yrði markvisst að því að ná því marki sem sett hefði verið í upphafi, 1,5 milljón króna. Verður söfnuninni haldið áfram eftir helgina og þá hafin lokasókn. Kváðust þeir vona að allir legðust á eitt með að gera söfnun þessa eins árangursríka og mögulegt væri. Þá var einnig bent á það að fjárgjöf hvers og eins nemur andvirði rúmlega sex pakka af vindlingum.

— Skólafólk

Framhald af bls.7

allar í Árbæjarskóla, og þar vorum við í kór hjá Jóni. En svo kom að því að við þurftum að yfirgefa skólann vegna þess að við vorum búnar með skylduna og urðum að færa okkur annað, og þar að auki þurftum við líka að yfirgefa kórinn. Jón sá mikið eftir okkur sem vonlegt var, þannig að hann bauð okkur að koma til sín niður í Langholtskirkju og syngja þar með kirkjukórnum. Við vorum allar til í að prófa, en ekki vissar um að við svona ungar myndum tolla í kirkjukór, því flestir kirkjukórar, sem við þekktum til, voru bara með kerlingum og körlum, sem okkur fannst ekkert spennandi. En Þessi kór reyndist allt öðru vísi en við höfðum ímyndað okkur. Og nú er svo komið eftir eins og hálfs árs starf, að engin okkar getur hugsað sér að yfirgefa þennan skemmtilega hóp.



Sextug í dag

Margrét Kristjánsdóttir, Suðurgötu 6 í Sandgerði, er sextug í dag, 27. marz.

— Hafnbann

Framhald af bls. 1

við Tyne og í nokkrum öðrum höfnum. Sjómenn við Tyne sögðu þó í dag að öllum höfnum á Norðaustur-Englandi yrði aftur lokað ef lögregla færi um borð í skipin sem loka höfninni í Immingham til að framfylgja dómsúrskurðinum.

Áður en Peart gaf yfirlýsingu sína í dag ákváðu skozkir togaramenn að loka höfnum í Skotlandi frá og með föstudegi ef ráðherrann gengi ekki að þeirri kröfu að innflutningur frystra fiskafurða frá löndum utan Efnahagsbandalagsins yrði bannaður og landhelgin færð út í 50 mílur.

Peart sagði að nýtt lágmarksverð Norðmanna væri „mikilvægt framlag til markaðsjafnvægis". Hann sagði að viðræður innan EBE mundu bráðlega leiða til þess að komið yrði á „viðmiðunarverðlagskerfi á frystum fiskstautum til að stuðla að viðunnandi markaðsjafnvægi."

— Hvað er að ...

Framhald af bls. 3

leikur sér með fyrirmyndina í hönd sinni þegar hún mótar í leir.

Á sýningunni eru m.a. vasar af öllum stærðum og þeir stærstu eru eins stórir og hin þúsunda ára gamla tækni leirkerasmíðinnar leyfir, veggskildir margskonar eru á sýningunni, innbrenndar myndir í leir, bæði samsettar og í einum hluta, margs konar hlutir, svo sem pottar, blómapottar, smáhlutir til brúks heima við, ljósker og margt fleira.

Í Kjarvalssal verður eftir sem áður opin sýning á verkum meistarans sjálfs á sama tíma og sýning Steinunnar.

Listasafn Íslands: Þar stendur nú yfir sýning á verkum bandarísku grafíklistamannsins Frank Stella og verður hún opin á skírdag frá kl. 1.30—6 og á laugardag kl. 1.30—6, en síðan ekki aftur fyrr en á þriðjudag.

Bogasalur: Sýningin á verkum Sigurðar málara verður opin í dag og á laugardag á sama tíma og Listasafnið en sýningunni lýkur á laugardag.

Gallerí Súm: Þar hefur staðið yfir ljósmyndasýning Markúsar Jóhannssonar og sýningin verður opin alla bænadagana frá kl. 4—10. Aðsókn hefur verið góð fram til þessa og margar ljósmyndanna selzt.

Kvikmyndahús: Sjá bls. 16.

— Tónleikar

Framhald af bls. 31

öðrum, heldur gefur, er ekki ölmusumaður, heldur stolt þjóðar sinnar og auðgar menningu hennar af verðmætum, dýrari mörgu því er mölur og ryð fær grandað. Það er hlálegt að mörg menningarverðmæti hafa þjóðir eignazt án þess að höfundar þeirra fengju svo mikið sem fyrir jarðarförinni sinni, á sama tíma og miklum fjármunum af almannafé var sóað í fáfengilegt dægurdrasl.